

Alþingi  
Erindi nr. Þ 139/2517  
komudagur 19.5. 2011

Nefndasvið Alþingis  
Viðskiptanefnd  
b/t. Selmu Hafliðadóttur  
nefndarritara  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík



Reykjavík, 19. maí 2011.

Efni: Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 3/2006, um ársreikninga, með síðari breytingum (698. mál)  
Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreind frumvörp sem fela í sér breytingar á lögum um ársreikninga vegna birtingu yfirlýsingar um góða stjórnarhætti.

Viðskiptaráð Íslands fagnar þeim breytingum sem ofangreint frumvarp hefur í för með sér. Viðskiptaráð, í samstarfi við Kauphöllina og Samtök atvinnulífsins, hafa unnið markvisst að því að yfirlýsing um góða stjórnarhætti verði teknar upp af fyrirtækjum og nýtt sem viðmið í starfi.

Mikil endurskoðun hefur átt sér stað vegna ýmissa laga vegna hæfis stjórnarmanna og hefur ráðið talið fulla ástæðu til að inn í þá vinnu verði tekin upp skylda til að fylgja viðurkenndum leiðbeiningum um góða stjórnarhætti. Þetta hefur meðal annars verið tekið upp í lögum um fjármálafyrirtæki og hefur ráðið mælt með því að slíkt verði einnig gert vegna laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Með frumvarpinu er verið að innleiða ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins, hins vegar er það ekki gert eins og búast hefði mátt við. Með því að einskorða yfirlýsingu í 1. gr. við það sem kemur fram í lið 1-3 er verið að þrengja yfirlýsingu frá því sem viðkomandi tilskipun og leiðbeiningar um góða stjórnarhætti gera ráð fyrir. Eðlilegra væri að miða við birtingu yfirlýsingarinnar eins og hún kemur fram í viðkomandi tilskipun, eins og hefði mátt gera ráð fyrir með innleiðingu hennar. Ákvæði tilskipunarinnar, ákvæði 46.a, gengur lengra en leiðbeiningar um góða stjórnarhætti og er því ástæða til að fylgja tilskipuninni eins og hún er sett fram en ekki gefa frekari slaka á reglum. Með því að takmarka birta yfirlýsingu með þessum hætti eru til að mynda þau frávik sem eru gerð frá reglum ekki skýrð út.

Viðskiptaráð leggur til að í 1. gr. frumvarpsins verði félögum gert skylt að birta yfirlýsingar í samræmi við ákvæði tilskipunarinnar.

Ráðið leggur það einnig til að yfirlýsing samkvæmt 1. gr. skuli birta í skýrslu stjórnar en ekki í ársreikningi eins og ofangreint frumvarp gerir ráð fyrir. Í þeim kafla laga um ársreikninga sem ákvæðinu er ætlað að taka til er fjallað um skýrslu stjórnar, sem fylgir ársreikningi. Er því engin sérstök ástæða til þess að gera ráð fyrir stjórnarháttaryfirlýsingu í ársreikningnum sjálfum. Þess fyrir utan þá gerir ákvæði tilskipunarinnar ráð fyrir að birting yfirlýsingar sé í ársskýrslu.

Viðskiptaráð leggur til að félögum skv. 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. verði gert að birta yfirlýsingu um stjórnarhætti sína í skýrslu stjórnar.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga að teknu tilliti til ofangreindra athugasemda.

Virðingarfyllst,

---

Þórdís Bjarnadóttir  
Lögfræðingur  
Viðskiptaráð Íslands